

Akranesi, 13.apríl 2023

Kl. 17:00

Fundargerð ritar: Erna Valentínusdóttir

## Aðalfundur foreldrafélags Brekkubæjarskóla 2023

Mætt: stjórn foreldrafélagsins, að Mörthu undanskilinni sem er erlendis, Elsa Lára aðstoðar-skólastjóri og 3 fundarmenn úr hópi foreldra/forráðamanna.

### Dagskrá skv. starfsreglum félagsins:

#### 1) Kosning fundarstjóra og fundarritara

- Elsa Lára kosinn fundarstjóri

#### 2) Skýrsla stjórnar

- Kristin formaður foreldrafélagsins fer yfir skýrslu stjórnar:
- Stjórnin hefur fundað reglulega á þessu starfsári
- Fulltrúar úr stjórn heimsóttu kosningaskrifstofur allra framboða fyrir bæjarstjórnarkosningarnar sl. vor og ræddu ýmis mál tengd velferð barnanna okkar.
- Í byrjun skólaársins var haldinn fundur með fulltrúum foreldrafélaganna á Akranesi (Brekubæjarskóla, Grundaskóla, Ak-Hva) sem Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála hjá Akraneskaupstað boðaði og stýrði. Á fundinum var farið yfir vinnu starfshóps í endurskoðun á verkferlum í eineltis- og samskiptamálum. Ákveðið var að kalla til stjórnir foreldrafélaganna til að rýna lokaniðurstöður starfshópsins þegar þær liggja fyrir, því er ólokið. Ýmis önnur mál voru rædd, t.d. mötuneytismál og hvernig megi tryggja og auka aðkomu og virkni foreldra af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi.
- Fundurinn markaði upphaf að samtali og samvinnu foreldrafélaga Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.
- Í kjölfarið af fundinum með Heiðrúnu buðum við stjórn foreldrafélags Grundaskóla á fund með okkur. Allir sammála um mikilvægi þess að hafa virkt samtal og samstarf á milli foreldrafélaganna. Það eykur slagkraft þegar vinna þarf að sameiginlegum baráttu- og hagsmunamálum.

Stjórnir foreldrafélaganna sammála um mikilvægi þess að allir fræðslufyrirlestrar séu haldnir sameiginlegir fyrir báða skóla (fyrsta skrefið hefur nú þegar verið stigið).

Ákveðið að stjórnir foreldrafélaganna fundi fast tvisvar á ári amk.

- Í byrjun árs 2023 boðaði Heiðrúnu Janusardóttir stjórnir foreldrafélaganna til fundar til að ræða innleiðingu farsæðarlaganna, andleg líðan barna og unglunga (sbr. umræður á bæjarstjórnarfundi unga fólksins). Á þeim fundi óskuðu foreldrafélögin eftir fundi með skóla- og frístundaráði til að ræða ýmis atriði sem snerta hagsmunamál barna og foreldra. Sá fundur hefur ekki verið boðaður.
- Foreldrafélag Grundaskóla bauð okkur í Brekkubæjarskóla að vera með á fræðslufundi frá Heimili og skóla fyrir bekkjarfulltrúa. Mikilvægt skref í samtali og samvinnu foreldrafélaganna.
- Á stjórnarfundum hafa umferðaröryggismál í kringum Brekkubæjarskóla verið mikið rædd, þá aðallega sú hættu sem skapast við strætóstoppistöð á gatnamótum Vesturgötu og Háholts. Sendum bréf í fyrra vor þar sem við vöktum athygli á þessu og sendum ítrekun núna í mars. Ekki hafa fengið svör um úrbætur enn sem komið er, en okkur sagt að sé komið í ferli.
- Vel gekk að fá fólk til að taka að sér starf bekkjarfulltrúa á þessu skólaári. Umsjónarkennarar voru duglegir að hvetja foreldra og forráðamenn til þess að gefa kost á sér. Stjórn foreldrafélagsins bjó til Facebook-hóp til þess að halda utan um bekkjarfulltrúana sem hafa brallað ýmislegt í vetur, t.d. staðið fyrir bíóferðum, jólaföndri, hrekkjavökuballi, feluleik í Brekkó, ferð í keilu, spilakvöldi, ferð í Rush/Skopp og margt fleira.
- Setustofa unglunga og aðstaðan hefur einnig mikið verið rædd. Foreldrafélagið vill gjarnan leggja unglungunum lið til þess að gera setustofuna vistlegri
- Innheimta árgjalds í mars 2022 gekk ágætlega og gerði okkur kleift að kaupa hátalara fyrir unglungana og er mikil ánægja með gripinn. Við reyndum að innheimta árgjald fyrir þetta skólaár en reikingur félagsins er lokaður – hvorki hægt að leggja inn né taka út. Ný stjórn þarf að skrifa undir alls kyns pappíra og skrá þarf áreiðanleikakönnun til þess að hægt verði að opna reikninginn aftur. Við vonumst til þess að geta innheimt árgjaldið sem allra fyrst eftir þennan aðalfund.

Fleira hefur verið rætt í vetur, t.d. mikilvægi þess að nemendur viti af og fái upplýsingar um félagsstarf í Arnardal og Þorpinu (k567), framkvæmdir innanhúss í Brekkubæjarskóla, skólalóðin o.fl.

- Umræður skapast á fundinum um starfseminu í Þorpinu – mikilvægt að passað sé upp á samtal á milli skóla og frístundar t.d. var páskabingó auglýst á sama tíma og árshátíðarsýning – sem var svo frestað vegna ábendinga frá foreldrafélaginu.
- Einnig rætt um hvort mögulegt sé að kennarar/starfsfólk skólans minni krakkana á það tólmstundarstarf sem er í boði í Þorpinu/Arnardal.

- Á döfinni hjá stjórn foreldrafélagsins og helstu markmið eru:
  - Fundur með foreldrafélagi Grundaskóla 4.maí n.k.
  - Halda áfram að berjast fyrir því að framkvæmdum á skólalóð verði haldið áfram
  - Hvetja foreldrahópinn – veldur áhyggjum hversu fáir foreldrar sækja fræðsluerindi og viðburði á vegum foreldrafélagsins. Hvaða leiðir eru til að virkja foreldrahópinn?
  - Hvetja til þess að aðstaða unglínganna í Brekkó verði bætt hið fyrsta
  - Stefnum á að vera virkari á Facebook síðu foreldrafélagsins og vera sýnilegri – flytja jákvæðar fréttir úr skólastarfinu t.d og vera duglegri að miðla alls kyns upplýsingum sem snúa að lífi og starfi grunnskólabarna
  - Halda áfram góðu samstarfi við starfsfólk Brekkubæjarskóla
  - Halda áfram góðu samtali við foreldrafélag Grundaskóla
  - Foreldrar mega gjarnan hafa samand við okkur og benda okkur á það sem þeim finnst að foreldrafélagið megi skipta sér af.

### 3) Lagabreytingar

- Engar tillögur um lagabreytingar

### 4) Reikningar lagðir fram til samþykktar

- Staða á reikningi foreldrafélagsins er: 119.793 kr
- Á skólaárinu var keyptur hátalari fyrir unglíngadeild sem kostaði 89.996 kr
- Reikningur foreldrafélagsins hefur verið lagður til skoðunar hjá skoðunarmönnum reikninga, þeim Erlu Ösp Lárusdóttur og Pálma Haraldssyni.

### 5) Kosning í stjórn

- Stjórn félagsins starfsárið 2022-2023 skipuðu:
  - Elfa Björk Sigurjónsdóttir
  - Erna Valentínusdóttir
  - Kristín Kötterheinrich
  - Martha Lind Róbertsdóttir
  - Ragnheiður Rún Gísladóttir
- Á fundinum gengur Elfa Björk úr stjórn
- Steinunn Guðmundsdóttir gefur kost á sér í stjórn foreldrafélagsins –engin mótframboð bárust. Steinunn samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

### 6) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- Erla Ösp Lárusdóttir og Pálmi Haraldsson gefa áfram kost á sér – samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

## 7) Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði

- Kristin og Erna eru fulltrúar foreldra í skólaráði Brekkubæjarskóla sem fundar að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið.
- Kristin segir frá starfsemi skólaráðs og frá helstu viðfangsefnum vetrarins

## 8) Kosning fulltrúa í skólaráð

- Erna og Kristín gefa áfram kost á sér – samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

## 9) Önnur mál

- **Elsa Lára aðstoðarskólastjóri ræðir um skólastarfið, húsnæðismál og fleira:**
- **Draumaskólinn** – Nemendur hafa í þessu nemendalýðræðisverkefni áhrif á skólastarfið. Myndaðir nemendalýðræðishópar (sem ná til 5.-8. bekkjar þessa skólaárs) hafa fjallað um ýmis mál á lýðræðisgrundvelli.
- Sem dæmi um verkefni tengt þessu verkefni eru hettupeysurnar merktar skólanum, spjallfélagar (unglingar spjalla við yngri nemendur), nemendur styðja við hvort annað, áhrif á skólastarf/námsefni, hugmyndavinna varðandi klúbbastarf, áhersla á vinabekki, hver árgangur fái að velja mat á matseðil, samtal milli kennara og nemenda varðandi innra skipulag, þátttaka nemenda varðandi skipulag skólalóðar.
- Barna og menntamálaráðherra kemur 16.maí, þar munu nemendur kynna verkefnið fyrir honum.
- Mikil ánægja meðal nemenda og starfsmanna með þetta verkefni.
  
- Árshátíð – vel sóttar 6 sýningar. Tókst mjög vel
- Gott að hafa morgunstundirnar aftur
- Reykjaskóli framundan hjá 7.bekk
- Útskriftarferð hjá 10 bekk í maí
- 5. Bekkur fer í sjóferð í næstu viku – Um sundin blá – með Faxaflóahöfnum
  
- Starfsmannamál: Á miðvikudögum eru fundir hjá starfsmönnum. Nefndir funda um sín mál. Starfsmannafundur 1x mánuði. Fagfundir haldnir reglulega.
- Starfsfólk skólans er að fara í námsferð til Tallin í Eistlandi og til Finnlands í ágúst.
  
- Framkvæmdir innanhúss:
  - Úttekt Verkís á húsnæði/loftgæðum skólans– Gula byggingin hefur verið tekin í gegn
  - Tókst vel til að gera endurbætur
  
  - 3.bekkar stofunnar: búið að taka þær í gegn núna í vetur
    - Við þá vinnu kom í ljós að loftræstikerfi var tengt upp á háaloft en ekki út úr húsi, þar var ull (glerull/steinull) sem var að berast út í andrúmsloftið. Núna er búið að tengja loftræstikerfið rétt þannig að það blási út.
    - Betri líðan nemenda og starfsmanna eftir endurbætur, en þau hafa þó bara verið þarna í um tvær vikur eftir endurbætur.

- Von skólastjórnenda um að næsta sumar verði kláraðar endurbætur þannig að næsta skólaár verði öllum endurbótum á skólastofum í skólanum lokið
- Hvað varðar framkvæmdir á fyrstu hæð er verkfræðiútbóð í gangi núna. 100millj settar í framkvæmdir á fyrstu hæð í fjárhagsáætlun þessa árs. Í ágúst-sept er von um að útbóðsgögn verði tilbúin til að bjóða út fyrstu hæðina fyrir verktaka.
  - Skólastjórnendur vonast til að hægt verði að bjóða út alla fjóra áfanga fyrstu hæðar saman.
- Skólastjórnendur óskuðu nýverið eftir að fá aðgang að Kirkjuhvoli til að nota fyrir listgreinakennslu.
  - Vitað að það er ekki aðgengi fyrir alla í Kirkjuhvoli.
  - Núna er verið að velta því fyrir sér hvort betra sé að skrifstofur ÍA færast yfir í Kirkjuhvol og Brekkubæjarskóli fái aðstöðu í skrifstofuhúsnæði í íþróttahúsinu Vesturgötu þar sem ÍA er með skrifstofu núna. Þar er betra aðgengi fyrir alla.
- Starfsmannamál – komandi skólaár lítur nokkuð vel út mönnunarlega séð.
- **Fyrirspurnir/ábendinar frá fundarmönnum:**
- Bent á að flæði í gegnum sleppistæði skólans sé oft of hægt– stoppað of lengi til að hleypa úr bílum. Verður til þess að foreldrar grípa til þess ráðs að hleypa börnunum sínum út á öðrum ekki eins öruggum stöðum.
- Haustfundir – mikil ánægja með fyrirkomulag funda sl. haust. Ánægja með að fá Heiðrúnu og Ívar inn á fundina eins og var gert á mið- og unglíngastigi.
  - Góð innspýting í foreldrasamstarfið
- Lagt til að fá fyrirlestur um kvíða og andlega vanlíðan og hafa fræðslu varðandi það reglulega.
- Fótboltavöllurinn – miklir árekstrar – samskiptavandi – foreldri spyr hvort möguleiki sé að starfsmaður sé á vellinum sem stýri betur því sem fram fer á vellinum, starfsmaður sem þekki vel til fótbolta. Elsa svarar að það sé reynt eftir fremsta megni að hafa starfsmann þar sem hefur þekkingu til að stýra leiknum og búið sé að reyna að fá þjálfara frá ÍA til að ræða við krakkana um hegðun á vellinum.
- Einneltismál – hvað er að fréttastofu af eineltismálum og meðferð þeirra. Spurt hvað sé að fréttastofu af vinnu hjá bænum?
  - Elsa ítrekar að mikilvægt sé að ef foreldrar hafa áhyggjur af einelti, að foreldrar hafi samband við kennara
  - Ákveðin eineltisverkferill er í gangi í skólanum, sem unnið er eftir
  - Foreldri bendir á að leita til félagsráðgjafa. Hefur góða reynslu af aðstoð þáðan.